

131
20. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um útmælingu á lóð undir verzlunarhús í löggiltu kauptúni. — Í þóknanlegu brjefi frá 9. okt. p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá álitinu yðar um erindi Jakobs kaupmanns Helgasonar í Reykjavík, er yður var sent til umsagnar, þar sem hann ber sig upp undan því, að sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafi færst undan að verða við ósk hans um að fá útmælda lóð á Vopnafirði undir verzlunarhús.

Þjer hafið getið þess, að verzlun Örum & Wulffs hafi leigt alla þá lóð á Vopnafirði, sem hægt er að nota undir verzlun, þar sem eigi væri nein nýtileg lending annarstaðar við fjörðinn, og að ef útmæla skyldi lóð þar undir nýja verzlun yrði að taka lóð frá Örum & Wulff, en yður hefir virzt eigi vera heimild til þessa í lögum þeim, sem löggilda staði sem kauptún, þarsem þau þá einnig væru expropriationslög. Þjer hafið þessvegna komið að þeirri niðurstöðu, að Jakob Helgason geti eigi mót vilja Örum & Wulffs fengið hina umbeðnu útmælingu.

Jeg verð nú samt sem áður, samkvæmt þeim skilningi á löggildingarlögum, sem áður hefur verið fylgt, sjá t. d. landshöfðingjabrjef 30. sept. 1876, að álíta, að ekki sje næg ástæða til að neita Jakobi Helgasyni um útmælingu þá, sem hann hefur æst eptir á Vopnafirði, þó á þeim stað þarsem bygging hans eigi kemur í bága við *verzlunarafnot* Örum & Wulffs af landinu, og eptir því, sem ráða má af brjefi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, er fylgdi ofanefndu brjefi yðar, notar Örum & Wulffs verzlun ekki alla hina leigðu lóð í þarfir verzlunarinnar, en það er vitaskuld, að verzlunarhúsið Örum & Wulff getur, ef því þykir sjer órjettur gjör með byggingu Jakobs Helgasonar, komið spurningunni um rjett sinn í þessi efni undir úrlausn dómstólanna.

Jeg vil þessvegna samkvæmt framanskrifuðu þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslumanninn í Norðurmúlasýslu að framkvæma hina umbeðnu útmælingu úr landi því, er verzlunarhúsið Örum & Wulff hefur leigt, en það eigi getur álitizt þurfa í þarfir verzlunarinnar, og ber honum þá um leið að ákveða hæfilegt árlegt gjald til landeiganda fyrir hið útmælda svæði.

132
31. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um vaxtagreiðslu og afborgun láns til brúargjörðar yfir Skjálfafljót. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. okt. p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að á síðastliðnu sumri hafi að mestu verið lokið við brúargjörð þá yfir Skjálfafljót, er lög frá 27. febr. 1880 gjöra ráð fyrir, og spurst fyrir um það fyrir hönd amtsráðsins í norður- og austuramtinu, hvernig nefndum lögum, er veita alt að 20000 kr. lán til brúargjörðarinnar, muni verða framfylgt að því leyti er snertir ákvarðanir laganna um vaxtagreiðslu og afborgun lánsins, en það hefur eigi verið útborgað úr landssjóði í einu, heldur smátt og smátt og eptir því sem þörf hefur verið til verið ávísad amtsráðinu eða umboðsmanni þess við brúargjörðina, Tryggva alþingismanni Gunnarssyni, að nokkru úr jarðabókarsjóði og að nokkru úr aðalfjehirzlunni í Kaupmannahöfn. Hafið þjer í þessu efni lagt það til, að þau 3 ár, sem lánið samkvæmt ofanefndum lögum má vera vaxtalaust, verði talin frá þeim tíma, þegar síðast verður borgað nokkuð úr landssjóði uppí lánið, en þangaðtil skuli greiddir 4 af hundradi í vöxtu á ári af hinum ýmsu útborgunum frá þeim degi, sem hver þeirra átti sjer stað.

Í tilefni af þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til

vitundar, að jeg eigi sje neitt því til fyrirstöðu, að svo fari um vaxtagreiðslu og afborgun láns þess, er hjer ræðir um, sem þjer hafid stungið uppá, og býst jeg við, að þjer sjáið um að vextir þeir, sem samkvæmt framanskraðu eru þegar áfallnir, verði sem fyrst greiddir í landssjóð, en jafnframt skal jeg, um leið og jeg get þess, að eptir því sem sjed verður af skýrslum þeim, sem jeg hef í höndum, hefur til þessa dags verið borgað alls uppí lánið 17,300 kr., nefnil. 5700 kr. úr jarðabókarsjóði, og 11,600 kr. úr aðalfjehirzlnni, þjónustusamlega skora á yður að flýta fyrir því sem mest, að gjört verði út um og mjer gefin tilkynning um, hvað mikið enn þurfi að fá útborgað til brúarkostnaðarins, til þess að síðan verði útgefin skuldabrief þau fyrir láninu, sem þörf er á, og fyrnefnd 3 ár, sem lánið má standa vaxtalaust, geti byrjað að líða.

Að endingu vil jeg, með tilliti til þess að 3. gr optnefndra laga um brúargjörð yfir Skjálfandafliót kveður svo á, að þriðjungur lánsins til brúargjörðarinnar skuli greiddur úr sýsluvegasjóðum Suður- og Norðurþingeyinga eptir rjettu hlutfalli, þjónustusamlega biðja yður að skýra mjer frá, hve mikinn hluta hvor þessara tveggja sýsluvegasjóða eigi að endurborga af láninu, til þess að á sínum tíma verði farið eptir því við samningu skuldabriefanna fyrir láninu.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu um að verja 520 kr. (sbr. auglýs. landshöfðingja frá 19. maí þ. á.) ásamt 100 kr., sem eptir standa frá fyrra árs fjárveitingu, til verðlauna fyrir jarðabætur og til að styðja að jarðabótum með vaxtalausum lánnum (sjera P. Pálsson í Þingmúla fær sem verðlaun 50 + 220 kr., Sigfús á Skjögrestöðum 100 kr., Pjetur á Mýrum 50 kr., og Óli Halldórsson í Dalhúsum 200 kr. vaxtalaust lán í 5 ár).

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um að verja 790 kr. til búfræðingahalds

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um að verja 1490 kr. (veitingunni fyrir bæði árin, 1882 og 1883) til búnaðarskólans á Hólum, launa handa búfræðiskennaranum, verkfærakaupa, styrks handa námspiltum, jarðabóta o. fl.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Strandasýslu um að verja 230 kr. til að kaupa fyrir 5 plóga handa sýslunni.

Samþykktar tillögur sýslunefndanna í Norðurþingeyjar- og Suðurþingeyjarsýslum um að verja 210 og 540 kr. til launa handa ferðabúfræðingum.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að verja 440 kr. til að launa vinnu búfræðings hjá búnaðarfjelögum sýslunnar og afganginum, ef nokkur yrði, til verkfærakaupa handa fjelögum þessum.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um að 810 kr. verði útbýtt sem styrk til jarðabóta og varðveizlu á jörðum (Hreppnefndinni í Holtamannahreppi til varðveizlu á Safarmýri 200 kr., Sigurði bónda Ólafssyni á Butru í Fljótshlíð til varðveizlu á túni og bæjarhúsum fyrir vatnságangi 50 kr., Halli bónda Pálssyni á Fróðholtshól til vatnsveitinga 50 kr., Kjartani hreppstjóra Ólafssyni á Álfrólshjáleigu til túbóta 50 kr.; en til ótiltekinna jarðabóta: Erlindi Eyjólftssyni á Herriðarhóli 80 kr., Einari bónda Einarssyni á Steinum 50 kr., Filippusi Bjarnasyni á Efrihömrum 80 kr., Jóni Einarssyni á Káragerði 50 kr., Ásdísi ekkju Halldórsdóttur á Lúnansholti 60 kr., Magnúsi bónda Jónssyni á Snjallsteinshöfða 60 kr., sjera Stefáni Thordersen í Kálholtshjáleigu 80 kr. — allt þetta var veitt með því skilyrði, að þiggjendur styrksins kostuðu jafnmiklu til jarðabótanna af eigin fje,